

## Verklagsregla: Tilgangur og gildissvið

Þessi verklagsregla gildir ef grunur kemur upp um COVID-19 smit á Sjúkrahúsinu á Akureyri og tekur á sértækum aðgerðum innan stofnunarinnar. Í öllum almennum leiðbeiningum er stuðst við vef Landlæknisembættisins og [Covid.is](https://www.covid.is) og vísað í tengla á heimsíðu embættisins. Ennfremur er vísað í [VR-737 Farsótt – viðbragðsáætlun](#)

**ATHUGIÐ að þar sem almennar leiðbeiningar og ráðleggingar vegna COVID-19 breytast hratt þá er ráðlagt að lesa áætlunina frekar í tölvu en prenta út.**

Tilgangur þessarar áætlunar er að:

- Tryggja skipulögð og samræmd vinnubrögð við móttöku sjúklings með grun um eða staðfesta COVID-19.
- Veita sjúklingi þá bestu meðferð sem völ er á.
- Tryggja öryggi starfsmanna.
- Veita starfsfólki sértækar leiðbeiningar um móttöku COVID-19 sjúklunga innan sinnar deildar

## Ábyrgð

Sýkingavarnanefnd ber ábyrgð á innihaldi verklagsreglunnar. Forstöðumenn hverrar einingar bera ábyrgð á að fylgja verklagsreglunni eftir og upplýsa sína starfsmenn.

## Framkvæmd

Mikilvægt er að lágmarka líkur á smiti nýju kórónuveirunnar (COVID-19) til annarra. Þess vegna skal afhenda sjúklingum á biðstofu með slæman hósta og merki um öndunarfærasýkingu að lágmarki skurðstofugrímu, en hún dregur einnig úr líkum á smiti influensu og annarra öndunarfæraveira. Auk þess skal starfsmaður í móttöku eða sá sem svarar í síma við fyrstu samskipti við sjúklunga spyrja þá sem leita heilbrigðisþjónustu vegna einkenna öndunarfærasýkingar [skimunarspurninga landlæknis](#).

Á vef landlæknis er hægt að nálgast mikið af efni tengdu COVID-19 sem uppfært er reglulega. Vegna þess verður vísað í þær leiðbeiningar með beinum tenglum þar sem við á í þessari viðbragðsáætlun. Viðbragðsáætlun þessi miðar því sérstaklega að þeirri framkvæmd sem snýr að móttöku sjúklings með grunað eða staðfest COVID-19 smit á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

### Tenglar af vef Landlæknisembættisins

[Leiðbeiningar til heilbrigðisstarfsmanna vegna COVID-19](#)

[Skimunarspurningar fyrir sjúklunga með einkenni öndunarfærasýkingar](#)

[Spurningar og svör varðandi COVID-19](#)

[Skilgreind svæði með smitáhættu](#)

[Frágangur og flutningur á líki með COVID-19 á Íslandi](#)

## Verklagsreglan inniheldur eftirfarandi kafla:

1. [Skilgreining á COVID-19 tilfalli](#)
2. [Uppvinnsla og sýnataka við COVID-19](#)
3. [Aðkoma sjúklings með grunaða COVID-19 - Plan A-F](#)
4. [Plan A - Sjúklingur sem er ekki bráðveikindalegur en leitar á SAK](#)
5. [Plan B - Sjúklingur sem þarfnast uppvinnslu á BMT](#)
6. [Plan C – Sjúklingur sem þarfnast innlagnar en er ekki bráðveikur](#)
7. [Plan D – Sjúklingur sem er bráðveikur og þarfnast meðhöndlunar á gjörgæslu](#)
8. [Plan E – Óvænt COVID-19 greining á deild](#)
9. [Plan F – Sjúklingur í sóttkví sem leitar á SAK vegna annars vandamáls](#)
10. [Flutningur sjúklinga á milli deilda](#)
11. [Upplýsingar um hlífðarfatnað, hvernig skal klæðast og afklæðast](#)
12. [Smitgát - einangrun](#)
13. [Þrif í umhverfi sjúklings](#)
14. [Starfsfólk Sak](#)
15. [Gátlistar deilda](#)
16. [Viðaukar](#)

### 1. Skilgreining á COVID-19 tilfalli

Skilgreiningin skiptist í tvennt: Mögulegt og staðfest tilfalli. Skilmerkin fyrir mögulegt tilfalli skal lækni nota til að meta líkur á COVID-19 sýkingu þegar sjúklingur leitar til heilbrigðisþjónustunnar vegna einkenna um öndunarfærasýkingu og hefur svarað einni eða fleiri spurningum sem starfsmenn í móttöku eða símsvörun leggja fyrir játandi.

Skilgreiningin kann að breytast í samræmi við nýjar upplýsingar og breytt áhættumat. Þess vegna er nauðsynlegt að fylgjast stöðugt með uppfærslu leiðbeininga á vef landlæknis – [ábendingar fyrir sýnatöku og skilgreining á COVID-19 tilfalli](#).

Mikilvægt er að allir noti sömu hugtök og riti orð á sama hátt:

Rita skal COVID-19, Samsett orð verða að COVID19sjúklingur, COVID19greining.

Efni: Veirur - smitgát

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri handlækningasviðs

Útgáfudagur: 21.03.2020

## Tilkynningarskylda til sóttvarnalæknis

Athugið að COVID-19 sýking er tilkynningarskylda til sóttvarnalæknis skv. reglugerð nr. 221/2012 með síðari tíma breytingum, um skýrslugerð vegna sóttvarna.

Ábyrgur sérfræðingur ber ábyrgð á að setja greiningarkóða (ICD-10) á meðferðablöð, kóðarnir birtast þá í snjókönni.

COVID-19	U07.1
Kransveirusjúkdómur 2019	U07.1
Quarantine related to COVID-19	Z29.0A
Sóttkví vegna COVID-19 einkennalaus	Z29.0A

## MÖGULEGT TILFELLI

Sjúklingar með bráða öndunarfærasýkingu og a.m.k. eitt af eftirtöldum einkennum sem koma skyndilega: Hósti, hiti og mæði

## OG

innan 14 daga frá upphafi einkenna:

- umgengist náið staðfest eða líkleg tilfelli af COVID-19 sýkingu án tilhlýðilegs hlífðarbúnaðar

## EÐA

- verið á [svæði með mikilli smithættu](#) - [kort](#)
- **Náið umgengi við líklegt eða staðfest tilfelli er skilgreint sem:**
  - Einstaklingur sem býr á sama heimili og einstaklingur með COVID-19.
  - Einstaklingur sem er í beinni snertingu við einstakling við með COVID-19 (t.d. heilsað með handabandi).
  - Einstaklingur sem er í beinni snertingu við líkamsvessa frá einstaklingi með COVID-19 án hlífðarbúnaðar (t.d. hóstað á hann, snertir notaðar bréfpurrkur/vasaklúta með berum höndum).
  - Einstaklingur sem er augliti til auglitis (<1–2 metra fjarlægð) eða dvalið í lokuðu rými með einstaklingi með COVID-19 (t.d. skólastofu, fundarherbergi, biðstofu o.s.frv.).
  - Heilbrigðisstarfsmaður eða einstaklingur sem hefur verið við umönnun, einstaklings með COVID-19, án tilhlýðilegs hlífðarfatnaðar.
  - Einstaklingar í flugvél sem sitja í tveimur næstu sætum (í allar áttir) frá einstaklingi með COVID-19, ferðafélagar, einstaklingar sem annast viðkomandi og áhafnameðlimir sem sjá um þann hluta flugvélarinnar þar sem einstaklingur með COVID-19 sat. Til greina kemur að útvíkka þá skilgreiningu í samræmi við áhættumat.
- Ofangreind faraldsfræðitengsl (umgengist náið) geta hafa átt sér stað innan 14 daga fyrir upphafi veikinda.

Efni: Veirur - smitgát

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri handlækningasviðs

Útgáfudagur: 21.03.2020

## STAÐFEST TILFELLI

Einstaklingur með staðfesta greiningu á COVID-19 sýkingu frá rannsóknarstofu, óháð sjúkdómseinkennum.

## 2. Uppvinnsla og sýnataka við COVID-19

Allar rannsóknir, sýnataka og inngrip hjá sjúklingi með grun um COVID-19 skulu gerð í samræmi við [ábendingar landlæknis um sýnatöku](#).

Ábending frá sýkla og veirudeild LSH: Ef skortur er á veirupinum skal senda bakteríupinna. Hægt er að gera PCR en ekki veiruræktun.

## ÁBENDING FYRIR SÝNATÖKU

- Einstaklingar sem uppfylla skilyrði fyrir mögulegt COVID-19 tilfelli (sjá skilgreiningu fyrir ofan)
- Einstaklingar sem uppfylla öll eftirtalinn þrjú skilmerkja:
  - hiti  $\geq 38,5^{\circ}\text{C}$
  - beinverkir
  - hósti

Ekki er þörf á faraldsfræðitengslum eins og ferðalagi til áhættusvæða eða tengsl við staðfest tilfelli fyrir þá sem uppfylla ofangreind þrjú skilmerki. Tilgangur með þessari sýnatöku er að vakta mögulegt smit innanlands.

## SÝNATAKA

Við sýnatöku skal gæta ýtrustu smitgát og klæðast hlífðarbúnaði [sjá kafla 11](#).

Ef tekin eru Covid-19 sýni frá sjúklingi með grun um smit skal merkja beiðnina “gjörgæsla SAK” eða “Covid-19 deild SAK”, það tryggir flýtimeðferð í greiningu.

Nauðsynlegt er að láta Rannsókn vita um öll COVID-19 sýni tímanlega þar sem gera þarf ráðstafanir til að senda sýnið sýkla- og veirufræðideild LSH sem fyrst. Sýnið skal geyma í kæli.

Sýkla- og veirufræðideild LSH, Ármúla 1a: Sími: 543-5900. Hægt er að hringja í vakthafandi sérfræðilækni í veirufræði í gegnum skiptiborð LSH, s. 543-1000.

Beiðni skal gera rafrænt í cyberlab ef hægt er annars láta pappírabeiðni fylgja sýni. Takið fram í ástæðu sýnatöku að óskað sé eftir greiningu vegna COVID-19. Skráið símanúmer beiðanda á beiðni. Læknirinn sem tekur sýnið, ber ábyrgð á að fylgja svarinu eftir

## SÝNATEGUNDIR

Öndunarfærasýni:

- Frá efri öndunarvegum: Háls- og nefkoksstrok.
- Frá neðri öndunarvegum: Barkasog, barkaskol eða berkjuskol, (hrákasýni).

Blóðsýni:

Efni: Veirur - smitgát

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri handlækningasviðs

Útgáfudagur: 21.03.2020

Bráða- og afturbatasýni að nokkrum vikum liðnum. Til greiningar á mótendum þegar greiningarpróf hafa verið þróuð.

Sýnataka:

- Háls- og nefkoksstrok: Veiruleitarpinni (Sigma VCM-pinni, sjá mynd)
- Berkjuskol, barkaskol eða barkasog: Nokkrir ml. í dauðhreinsað glas. Blóðsýni: Heilblóð/sermi og EDTA-blóð í þar til gerð glös (rauður og fjólublár tappi).



[Sýnatökur vegna grun um COVID-19 á vef Landlæknis](#)

### 3. Aðkoma sjúklings með grunaða COVID-19 – Plan A-F

Reyna á eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að sjúklingur komi inn á SAK sem ekki þarf innlögn. Ákjósanlegasta sviðsmyndin er ef haft er samband við SAK FYRIR komu sjúklings þannig að hægt sé að virkja viðbragðsáætlun eftir þörfum og tryggja að móttaka sjúklings sé í samræmi við viðbragðsáætlun Plan A-F.

Sett hafa verið upp upplýsingaspjöld við alla innganga SAK þar sem fólki sem verið hefur á áhættusvæðum COVID-19 eða hefur haft samskipti við möguleg eða staðfest COVID-19 tilfelli og/eða er með hita  $>38,5^{\circ}\text{C}$ , beinverki og hósta er ráðlagt frá því að fara inn á sjúkrahúsið. Það er beðið um að hringja í síma 1700.

Hafa þarf í huga að sjúklingur gæti leitað aðstoðar beint inni á Bráðamóttöku SAK og þarf því að gera viðbragðsáætlun fyrir mismunandi sviðsmyndir – plan A-F. Virkjuð er svo viðbragðsáætlun plan A,B,C, D, E eða F eftir ástandi sjúklings. Suðvesturhluta barnadeildar hefur nú verið breytt í COVID deild þar sem sjúklingar sem ekki þurfa gjörgæslumeðferð leggjast inn.

Símhringingar á sí mavakt (463-0100)

Ef sjúklingur hefur samband **símleiðis** skal honum bent á að koma ekki beint á stofnunina heldur halda kyrru fyrir og hringja í 1700. Í neyðartilfellum ber að hringja í 112.

Símtöl vegna tilvísana frá heilsugæslu eða innhringingar frá einstaklingum sem eru með mögulegt eða staðfest COVID-19 og eru sannarlega orðnir veikir má vísa á vaktstjóra BMT sem metur hvort og þá hvert sjúklingur skal koma í samræmi við Plan A-F í viðbragðsáætlun.

Innhringing í vaktstjóra BMT

Ef sjúklingur með einkenni öndunarferasýkingar er gefið samband við vaktstjóra BMT. Skal vaktstjóri nota [skimunarspurningar landlæknis](#).

hefur þú síðastliðan 14 daga:

Efni: Veirur - smitgát

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri handlækningasviðs

Útgáfudagur: 21.03.2020

1. Heimsótt áhættusvæði m.t.t. COVID-19? [Sjá lista.](#)
2. Verið í snertingu við einhvern með nýja kórónuveirusýkingu, COVID-19? (fjölskylda, vinir, skólafélagar, vinnufélagar, ferðafélagar)
3. Sinnt sjúklingum með öndunarferasýkingu vegna kórónuveiru, COVID-19?
4. Heimsótt eða dvalið á sjúkrahúsi eða heilsugæslu á svæðum þar sem COVID-19 sýkinga hefur orðið vart? Sjá lista um áhrifasvæði sýkingarinnar í Kína og annarstaðar á heimasíðu [WHO](#) og [ECDC](#)

Vaktstjóri ákvarðar í samvinnu við vakthafandi sérfræðing hvort sjúklingur þarfnast uppvinnslu á SAK og þá hvaða plan viðbragðsáætlunar skal virkjað.

#### 4. Plan A - Sjúklingur sem er ekki bráðveikindalegur en leitar á SAK

Vísa skal sjúklingi sem er EKKI bráðveikindalegur og leitar á bráðamóttöku eða aðrar móttökur SAK aftur út í bíl og benda honum á að hringja í 1700. Eftir að sjúklingur fer skal starfsmaður setja á sig hanska, þrífa og sótthreinsa alla mögulega snertifleti eftir sjúkling.

Ef vafi leikur á að sjúklingur geti farið heim staðfestir móttökuritari grun um smit með [skimunarspurningum](#), lætur sjúkling fá hlífðarbúnað og vísar til sætis bakvið skilrúm á biðstofu. Móttökuritari upplýsir vaktstjóra strax um komu sjúklings sem metur hvort þörf er á að taka sjúkling til frekara mats inná deildinni. Sjá [VL 2801 COVID-19 Verklag BMT.](#)

#### 5. Plan B - Sjúklingur sem þarfnast uppvinnslu á BMT

Ef sjúklingur kemur á móttöku BMT beint eða von er á sjúklingi eftir innhringingu sem er veikindalegur og gert er ráð fyrir að þurfi uppvinnslu á bráðamóttöku

1. Sjúklingur sem fellur undir [skilgreiningu á COVID-19 tilfelli](#) mætir beint á BMT ÁN undanfarins símtals.
  - Ekki skal láta sjúkling bíða í biðstofu eftir viðtali. Í móttöku eru settir hanskar og veiruheld (FFP2) gríma án ventsils á sjúkling og honum vísað inn í einangrunarherbergi í gegnum bílskúrinn.
  - Móttökuritari tekur niður nafn, kennitölu og símanúmer sjúklings.
  - Móttökuritari setur á sig hanska og þrífur snertifleti eftir sjúkling.
  - Takmarka skal fjölda þeirra sem annast sjúklinginn.
  - Þeir sem annast sjúklinginn skulu nota hlífðarbúnað í samræmi við leiðbeiningar COVID-19.
  - Læknir skal skoða sjúkling og meta líkur á COVID-19 sýkingu, í samræmi við [kafla 2.](#)
  - Ef vakthafandi sérfræðingur í lyflækningum er í vafa hvort sjúklingurinn geti verið með COVID-19 getur hann ráðfært sig við smitsjúkdómalækni SAK á dagvinnutíma eða vakthafandi smitsjúkdómalækni á Landspítala í síma **543-1000**.
2. Von er á sjúklingi eftir innhringingu (tilvísun læknis eða frá sjúkrabíl) sem fellur undir skilgreiningu á COVID-19

Efni: Veirur - smitgát

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri handlækningasviðs

Útgáfudagur: 21.03.2020

- Vaktstjóri vísar sjúklingi á COVID deild (BAD) eða BMT eftir því hvort COVID deild (BAD) er til reiðu. Sjúklingur er unninn upp af starfsfólki BMT hvort sem hann kemur beint á COVID deild eða BMT ([kafli 2](#)).
- BMT lætur vaktstjóra COVID deildar vita af sjúkling í síma 8308630 sem undirbýr komu sjúklings á deild.
- Ef sjúklingi er vísað beint á COVID deild, klæðir starfsmaður BMT sig upp í hlífðarbúnað samkvæmt COVID-19 og tekur á móti sjúklingi við D inngang og fylgir á deild. Passar að sjúklingur komi ekki við neitt og þrífur snertifleti.
- Ef ákveðið er að sjúklingur komi á BMT skal taka á móti honum við inngang gegnum bílskúr. Einangrunarherbergi undirbúið og starfsfólk tekur á móti sjúklingi í hlífðarbúnaði. Að skoðun lokinni ([kafli 2](#)) metur vakthafandi sérfræðingur lyflækningadeildar í samráði við vakthafandi svæfingalækni hvort sjúklingur þarfnast innlagnar. Ef sjúklingur þarfnast innlagnar metur vakthafandi sérfræðingur eftir ástandi sjúklings hvort þurfi að virkja viðbragðsáætlun, [kafli 6 plan C](#) eða [kafli 7 plan D](#), vegna COVID-19. Flutningur sjúklings skal fara fram samkvæmt kafla 10.

## 6. Plan C – Sjúklingur sem þarfnast innlagnar en er ekki bráðveikur

Við innlögn sjúklings sem er ekki bráðveikur samkvæmt mati vakthafandi lyflækis í samráði við svæfingalækni er fyrsti innlagnarkostur einangrunarherbergi COVID deildar. Næsti kostur er önnur herbergi deildarinnar. Annar kostur er SKD og svo LYD. Viðbragðsstjórn hefur umsjón með úthlutun rúma þegar COVID deild eru full. Láta þarf deild vita strax af væntanlegri innlögn til að undirbúningur fyrir móttöku sjúklings geti hafist.

## 7. Plan D – Sjúklingur sem er bráðveikur og þarfnast meðhöndlunar á gjörgæsludeild

Sjúklingur sem metinn hefur verið í þörf fyrir gjörgæslumeðferð af vakthafandi lyf- og svæfingalækni leggst inn á GG. Láta þarf deild vita strax af væntanlegri innlögn til að undirbúningur fyrir móttöku sjúklings geti hafist.

## 8. Plan E - Óvænt COVID-19 greining á deild.

Ef grunur um COVID-19 smit kemur upp hjá inniliggjandi sjúkling skal flytja sjúkling samkvæmt [kafla 10](#) í samræmi við [plan C](#) og [D](#). Vinna skal sjúkling upp samkvæmt kafla 2 (uppvinnsla og sýnataka). Starfsfólk og sjúklingar sem komst í snertingu við sjúkling skulu fylgja grundvallarsmitgát til hins ýtrasta þar til niðurstaða fæst:

- Neikvæð COVID-19 greining - einangrun aflétt.
- Jákvæð COVID-19 greining – einangrun skv. snerti og dropasmitgát [kafli 12 smitgát - einangrun](#). Forstöðumaður deildar sem jákvæð COVID-19 greining kemur upp hjá skal ráðfæra sig við smitsjúkdómalækni SAK á dagvinnutíma en ella vakthafandi smitsjúkdómalækni á Landspítala í síma **543-1000**. Forstöðumaður undirbýr og skráir alla þá sem verið hafa í náinni snertingu við sjúkling í veru hans á deild.



## 9. Plan F - Sjúklingur í heimasóttkví sem leitar á SAK vegna annars vandamáls

Sjúklingar sem eru í heimasóttkví vegna COVID-19 útsetningar (skv. tilmælum sóttvarnalæknis) og eru einkennalausir eru EKKI taldir smitandi. Þarfnist þeir meðhöndlunar á sjúkrahúsi vegna annarra sjúkdóma á 14 daga sóttkvíartímabilinu fara þeir í einangrun ([kafli 12](#)). Notaður er hlífðarbúnaður við móttöku og umönnun sjúklings samkvæmt COVID-19. Settur er veirumaski (FFP2) á sjúkling. Sjúklingur er fluttur í einangrun eins fljótt og auðið er ([kafli 10](#)).

Skv. leiðbeiningum Landlæknisembættisins eiga sjúklingar í heimasóttkví að hafa samband við 1700 ef þeir þarfnast heilbrigðisþjónustu. Ef heilsugæslulæknir metur það svo að sjúklingurinn þurfi frekara mat á SAK hefur hann samband við vaktstjóra BMT eftir samráð við vakthafandi sérfræðing á SAK.

## 10. Flutningur sjúklinga á milli deilda

Ekki skal flytja sjúkling innan sjúkrahússins nema nauðsyn krefji. Ef sjúklingur er fluttur innan sjúkrahússins skal eftirfarandi gert.

1. Kalla eftir rúmi frá innlagnadeild og tilkynnt að um sé að ræða grun eða staðfest COVID-19 smit.
2. Starfsmaður innlagnardeildar kemur í hlífðarfatnaði samkvæmt COVID-19 án skóhlífa með uppbúið rúm.
3. Fyrir flutning skal sjúklingur færður úr eigin fötum og klæddur í sjúkrahúsföt, hanska, veirumaska án ventsils (FFP2), hlífðarslopp og húfu.
4. Við flutning sjúklings milli hæða skal nota lyftu í C álmu, undantekningar eru:
  - a. Flutningur sjúklinga fæðingadeildar fara um lyftu í B álmu
  - b. Sjúklingar sem koma með sjúkrabíl að D inngang í innlögn á barnadeild fara um lyftu í D álmu.
5. Vaktstjóri tryggir að allar stofur á BMT séu lokaðar fyrir flutning og skipar undan- og eftirfara til að opna dyr, lyftur og þrifa alla mögulega snertifleti á leiðinni. Undan- og eftirfari eru klæddir hlífðarbúnað skv. COVID-19.

## 11. Upplýsingar um hlífðarfatnað, hvernig skal klæðast og afklæðast

Við grun um COVID-19 sýkingu skal beita varúð við dropa- og snertismiti og það felur í sér að allir sem koma inn í herbergi sjúklings meðan sjúklingur dvelur þar og/eða ganga frá sorpi, líni eða öðru því sem komið hefur inni einangrunarherbergi skuli nota:

- Skurðstofugrímu (að lágmarki).
- Einnota hanska og vandaða handhreinsun þegar hanskar eru teknir af ef yfirborð eru snert.
- Hlífðarslopp (s.s. tæming ruslafötu/flutningur á sorpi, líni og við þrif á tækjum).

Að auki þurfa allir sem sinna aðhlyningu eða öðrum störfum innan við 2 metra frá sjúklingi:

- [VL 036 Veiruhelda hlífðargrímu \(FFP2\)](#).
- [VR 025 Hlífðargleraugu](#).
- [VR 414 Einnota hanska](#) við umönnun og vandaða handhreinsun með handspritti (og/eða handþvotti) þegar hanskar eru teknir af.



Efni: Veirur - smitgát

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri handlækningasviðs

Útgáfudagur: 21.03.2020

- [VL 051 Húfa](#)
- [VR 027 Langerma hlífðarslopp](#)/svuntu við umönnun og meðferð.
- Skóhlífar
- Ganga tryggilega frá notuðum hlífðarbúnaði í sóttmengað sorp.

Í einangrunarherbergjum er lína í gólfi sem skilgreinir hreint og óhreint svæði. [Sjá myndband hvernig á að klæða sig í og úr.](#)

## 12.Smitgát - einangrun

Sýkingavarnir fela í sér að smitleið sýkils er rofin á milli manna. Mikilvægt er að starfsmenn kynni sér reglur SAK um handhreinsun og rétta notkun hlífðarbúnaðar sem eru mikilvæg atriði til að koma í veg fyrir dreifingu sýkla og auka þrif á snertiflötum sjá [VR-130 Grundvallasmitgát – almennt vinnulag](#)

### Smitleið og hætta á dreifingu

- Veiran er talin berast með dropasmiti við hósta eða hnerra manna á milli og með snertismiti. Meðan staðfestingu skortir á þessari smitleið skal gera ráð fyrir snerti- og úðasmiti á sjúkrahúsum.
- Meðgöngutími sýkingar er óljós, en talinn vera um 5 dagar (frá 2 dögum upp í 14 daga).
- Sjúklingar mega alls ekki fara í Bipap öndunarvél (ytri öndunarvél) vegna mikillar hættu á dreifingu með úðasmiti undir slíkum aðstæðum.

### Umgengni við sjúkling:

- Takmarka skal fjölda starfsmanna sem sinna sjúklingnum og þeir ættu ekki að sinna öðrum sjúklingahópum á sama tíma og þeir sinna sjúklingum sem eru grunaðir um eða með staðfesta COVID-sýkingu.
- Heimsóknnum til sjúklinga skal halda í lágmarki og takmarkast við nánustu aðstandendur.
- Skrá skal alla sem fara inn í herbergi sjúklings (starfsmenn og aðstandendur) á sérstakt [eyðublað](#) sem geymt er fyrir utan stofuna.

### Smitgát

- Um leið og grunur vaknar um COVID-19 er sett fínagnagríma (FFP2 án ventsils) á sjúkling ef ástand leyfir, annars skurðstofugríma og sjúklingur er með grímu þar til hann er kominn í úða- og snertismitseinangrun.
- Ef sjúklingur þarf innlögn fer hann í snerti- og úðasmitgát í einangrunarherbergi með neikvæðum loftþrýstingi. Ef sjúklingur þarf að leggjast inn utan einangrunarherbergis skal skipuleggja sóttkví viðkomandi deildar í samráði við viðbragðsstjórn.
- Beita má hópeinangrun ef fleiri en einn sjúklingur eru með staðfestan COVID-19.
- Notaður er einnota búnaður eins og hægt er við umönnun sjúklinga. Margnota sameiginlegur búnaður er hafður á herbergi sjúklings á meðan einangrun varir og sótthreinsaður með virkoni áður en hann er fjarlægður af herbergi eða fluttur á öruggan hátt til sótthreinsunar í áhaldavottavél/skolpotti.
- Rusl og úrgangur frá herbergi sjúklings er meðhöndlaður skv. leiðbeiningum [VR- 247](#)

Efni: Veirur - smitgát

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri handlækningasviðs

Útgáfudagur: 21.03.2020

## Förgun – sóttmengað sorp.

- Allt lín er sett í vatnsuppleysanlega poka og meðhöndlað skv. [VR-043 Lín- sóttmengað](#).
- Starfsmenn skulu forðast að snerta vit og augu með menguðum hönskum eða berhentir.
- Ef upp koma stórvægileg frávík (t.d. rifinn hlífðarsloppur) í notkun hlífðarbúnaðar á starfsmaður að fara í sturtu og fara í hrein vinnuföt.
- Valkvætt að fara í sturtu eftir vakt.

## Tímalengd einangrunar

Einangrun varir í 10 daga eftir að einkenni eru gengin yfir. Ef sjúklingur útskrifast fyrir þann tíma skal hann fara í heimaeinangrun skv. leiðbeiningum sóttvarnalæknis. Einangrun á SAK skal ekki aflétt nema í samráði við vakthafandi sérfræðing í lyflækningum. Ef sjúklingur útskrifast ekki að lokinni einangrun fer hann í bað og hrein föt á meðan herbergi er þrifið. Rúm er sótthreinsað og búið upp með hreinni sæng og kodka.

Einangrun vegna smithættu – framkvæmt sjá [VR-135 Einangrun vegna smithættu - framkvæmd](#)

## SÓTTKVÍ DEILDA

### 13.Þrif í umhverfi sjúklings

#### Umhverfisþrif og sótthreinsun

Tryggja þarf að umhverfisþrif séu gerð og með réttum hætti þ.e. vönduð þrif með hreinu sápuvatni og eftir það strokið yfir helstu snertifleti með sótthreinsunarefni t.d. sjúkrahússpritti, viðurkenndum sótthreinsiefnum eða natríum hýpóklóríð. Við útgöngudyr úr herberginu skulu hendur sprittaðar

Með vísan í rannsóknir á virkni sótthreinsunarefna á sambærilega veiru (SARS) þá virka öll almennt notuð sótthreinsunarefni til að drepa veiruna s.s. umhverfisspritt, handspritt, própanól, virkon, klórblöndur o.s.frv.

Forstöðumenn hveirrar eininga tryggja aukin þrif á snertiflötum á sinni einingu. Forstöðumaður ræstingar tryggir aukin þrif á snertiflötum í almennum rýmum og skipuleggur auka mönnun til að sinna aukinni þörf t.d. við lokaþrif.

Við lokaþrif á einangrunarherbergi og svæðum í sóttkví skal panta lokaþrif skv. [VR-1227 Lokaþrif-pöntun](#).

Nánari upplýsingar um þrif og meðhöndlun líns o.fl. er að finna í leiðbeiningum frá landlæknisembættinu [leiðbeiningum til sjálfstæðra fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu](#) Opnast í nýjum glugga.

### 14.Starfsmenn SAK

Starfsfólk vinnur í fullnægjandi hlífðarbúnaði.

Efni: Veirur - smitgát

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri handlækningasviðs

Útgáfudagur: 21.03.2020

## Mönnun og útköll

Gert er ráð fyrir því að þegar fyrstu COVID-19 sjúklingar leggjast inn þá muni starfsemi sjúkrahússins breytast þannig að fleiri starfsmenn verða tiltækir að sinna þessum sjúklingum. Ákvörðun er í höndum viðbragðsstjórnar. Gera má ráð fyrir því að starfsfólk þurfi að flytjast milli deilda.

## BRÁÐAMÓTTAKA

[VL 2801 COVID-19 Verklag](#)

[EB 857 COVID-19 Pakki](#)

## FÆÐINGAEILD

[VR 1332 Viðbragðsáætlun fæðingaeildar SAK vegna COVID-19](#)

[VR 1333 Viðbragsáætlun kvensjúkdómalækninga vegna COVID-19](#)

## GJÖRGÆSLA

[VR 1331 Viðbragðsáætlun gjörgæsludeildar COVID-19](#)

## BARNAEILD

Tengill í vinnslu

Ýmsir hjálplegir tenglar

<https://www.who.int/emergencies/diseases/novel-coronavirus-2019>

<https://www.who.int/emergencies/diseases/novel-coronavirus-2019/advice-for-public>

